

Breytingatillögur við : REGLUR UM DÓMARARÁÐ HRFÍ Í TEGUNDAHÓPI 7

Unnið af Vorstehdeild, Fuglahundadeild og Deild Enska Setans.

Yfirstrikað gult fer inn.

Rautt fer út.

Skáletrað blátt er til útskýringar.

1. Í dómarráði HRFÍ fyrir tegundahóp 7 eiga sæti þeir dómarrar sem réttindi hafa til að dæma veiðipróf í þeim tegundahópi. Einnig 1 fulltrúi frá hverri deild í tegundarhóp 7. Dómarráð kys sér

formann til tveggja ára í senn.

Í t.d. Grúbbu 8, þar sem eru fleiri dómara eru bara 2 dómara í Dómararáði og einn aðili skipaður af deildinni. Eina verkefni dómararáðs G8 er að mennta upp nýja dómara.

2. Dómararáð starfar í umboði stjórnar HRFÍ og er æðsti túlkunaraðili veiðiprófsreglna fyrir tegundahóp 7. Stjórn HRFÍ vísar málum er varða túlkun á veiðiprófsreglum í tegundahópi 7, til úrskurðar umsagnar dómaráðs.

Ekki rétt að nota þetta orð, Dómararáð getur gefið stjórn HRFI umsögn sína um túlkun reglna.

3. Dómararáð er stjórn HRFÍ til ráðgjafar um veiðiprófsreglur. Tillögur til breytinga á veiðiprófsreglum skal senda til dómararáðs til meðferðar og umsagnar. Dómararáði ber að senda stjórn HRFÍ umsagnir sínar og úrskurði innan hæfilegs frests.

Liður 3. ætti að fara alveg út í heilu lagi þar sem ferlið er öruvísi samkvæmt veiðiprófreglum.

Eftir að fulltrúar deilda hafa lagt til breytingar á að óska eftir athugasemdum frá félagsmönnum, stjórnnum deilda og dómararáði áður en það er sent til stjórnar HRFÍ til samþykktar.

Það er alveg óþolandi að Dómararáð ætli með einu plaggi að færa sér völd hér og þar sem dómara eiga ekki að hafa. Og ætla að í lokin á ferlinu sem er mjög gott eins og það er, og alveg eins og í Noregi, staðfært, að ætla þá að hafa eitthvað loka vald yfir veiðiprófreglubreytingum, veita meðal annars stjórn HRFI úrskurð.

Eins og áður segir á dómararáð að koma að reglubreytingum með félagsmönnum og stjórnnum deilda, áður en þær eru sendar samþykktar af þeim til stjórnar HRFI, til samþykktar.

4. Ef erindi sem Siðanefnd stjórn HRFÍ vísar til dómararáðs varðar hagsmuni dómara sem sæti á í dómararáði vikur sá hinn sami úr ráðinu á meðan málið er þar til umfjöllunar. Sé ágreiningur uppi um hagsmuni dómara varðandi slík málefni sker Siðanefnd stjórn HRFÍ úr um hæfi viðkomandi dómara. Dómari skal njóta andmælaréttar í slíkum tilvikum.

Siðanefnd á alltaf að taka á aga og klögumálum, og ætti hún að klára málið. Ef hún þarf nauðsinlega að fá álit Dómararáðs, þá lætur Siðanefndin auðvitað viðkomandi dómara vikja á meðan þ.e. ef málið snýr að honum.

5. Dómara sem sæti eiga í dómararáði skulu vera virkir félagar í HRFÍ og eiga lögheimili á Íslandi.

6. Í veiðiprófum í tegundahópi 7 er dómara óheimilt að dæma eigin hund eða hund í eigu sinna nánustu (þ.e. maka, foreldra, systkina eða barna). Dómari skal forðast að dæma hunda úr eigin ræktun, sé þess kostur.

7. Dómararáð annast skipulag, undirbúning og menntun dómara samkvæmt námsreglum um dómaraám fyrir fuglahundadómara.

8. Dómararáð skal útbúa og eiga kynningarefni um veiðiprófsreglur (dómarahandbók).

9. HRFÍ gefur út dómarskírteini fyrir nýja dómara.

10. Dómararáð skal halda samráðsfund (dómararáðstefnu) minnst einu sinni á ári, þar sem farið er yfir og skorið úr um öll vafaatriði og óvæntar upppákomur á starfsárinu. Allir starfandi dómara hafa heimild til að sitja samráðsfundinn. Úrskurðir dómararáðs eru fordæmisgefandi. Verði ágreiningur í dómararáði um úrskurði ræður afl atkvæða. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum.

11. Rita skal fundargerðir á öllum fundum og ráðstefnum dómararáðs og senda stjórn HRFÍ afrit að fundum loknum, sem setur fundargerðina á vef HRFÍ og sendir á stjórnir deilda í grúbbu 7 innan 3ja

daga.

Eins og fundargerðir stjórnar HRFI og fundargerðir stjórnanna deilda skulu fundargerðir Dómararáðs vera aðgengilegar öllum innan viss tímaramma.

12. Dómararáð skal skipa fulltrúa úr sínum röðum til að hitta erlenda dómara fyrir veiðipróf og fara yfir íslenskar veiðiprófsreglur.

Fella alveg út, enda deildum í sjálfsvald sett hvaða dómara þær „ráða í vinnu“ við að fara yfir þetta með erlendum dómara, og eðlilegast væri að fulltrúi HRFI í viðkomandi prófi færi yfir íslenskar reglur með erlendum dómara, enda einfaldast þar sem stundum er farið með litlu stoppi frá flugvelli og út á land.

13. Fulltrúi HRFÍ í veiðiprófum skal vera dómaramenntaður. Fulltrúa HRFÍ skal skipa eigi síðar en tveimur vikum fyrir veiðipróf. Í forföllum dómaramenntaðs fulltrúa HRFÍ getur stjórn HRFÍ veitt undanþágu frá þessu ákvæði að fengnu álit dómarráðs. , Deildir hafa þá tiltæka tvo einstaklinga hver, sem hafa verið samþykktir sem fulltrúar HRFÍ af HRFÍ og getur þá einhver þeirra hlaupið í skarðið ef dómaramenntaður fulltrúi er ekki á lausu.

Í þeim tilfellum sem deild getur ekki fengið dómaramenntaðan fulltrúa þá eru varamenn tiltækir. Oft eru miklir reynsluboltar sem taka þátt í prófi eða ganga með sem eru síst verr til þess fallnir að taka að sér hlutverkið. Dómararáð þarf ekki að gefa álit á því, enda stjórn HRFI búin að samþykkja viðkomandi einstaklinga.

14. Hafi dómari ekki dæmt á veiðiprófi í tvö þrjú ár missir hann dómarréttindi sín. Stjórn HRFÍ getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði að fenginni umsögn dómarráðs.

Það á ekki að lengja tímann úr tveim árum í þrjú, og að auki ofan á það opna fyrir mjög teygjanlega undanþágu sem er svo líka háð umsögn þeirra sjáfra.

Eigendur hunda sem leggja mikinn tíma í að æfa sína hunda og borga prófgjöld og annan kosnað við að koma í próf/ræktunardóm verða að vera vissir um að dómari sé í góðu dómaraformi. Tvö ár er mjög rúmur tími fyrir dómara að dæma eitt próf og halda þar með réttindum sínum.

Breytingatillögur við VERKLAGS- OG SIÐAREGLUR VEIÐIPRÓFSDÓMARA HRFÍ INNAN TEGUNDAHÓPS 7 ¹

Unnið af Vorstehdeild, Fuglahundadeild og Deild Enska Setans.

Yfirstrikað gult fer inn.

Rautt fer út.

Skáletrað blátt er til útskýringar.

Efnisyfirlit

I. Skyldur gagnvart prófhaldara og þátttakendum	2
II. Einbeiting og athygli	2
III. Virðing, hlutleysi og réttisýni	3
IV. Framkoma á prófsvæði	3
V. Samfélagsmiðlar	4 2

Stjórn HRFÍ getur veitt dómara nema veiðiprófsdómararéttindi þegar hann hefur lokið skipulögðu náms- og æfingaferli, auk þess að hafa staðist bóklegt og verklegt próf. Ákvörðun stjórnar HRFÍ um réttindin ákvarðast meðal annars af greinargerð frá dómara ráði, þar sem fram koma upplýsingar um námsferil dómara nemans, árangur hans á prófum og mat dómara ráðs á því hvort viðkomandi telst tilbúinn til að taka að sér dómara störf í nafni HRFÍ.

Skýlaus krafa er gerð til veiðiprófsdómara HRFÍ að þeir búi yfir staðgóðri þekkingu á einkennum og vinnueiginleikum þeirra hundakynja sem þeir hafa réttindi til að dæma ásamt því að kunna góð skil á reglum sem gilda um veiðipróf og reglum HRFÍ.

Veiðiprófsdómari skal vera virkur félagsmaður í HRFÍ. Hann þarf að geta tjáð sig í mæltu og rituðu máli á a.m.k. einu tungumáli utan íslensku.

Mikil ábyrgð fylgir dómara réttindum og að sama skapi víðtækar skyldur. Veiðiprófsdómari gegnir mikilvægum trúnaðarstörfum fyrir félagið. **Fulltrúi HRFÍ í veiðiprófum skal vera dómaramenntaður.**

Deildir geta fengið undanþágu frá þessu frá HRFÍ.

Ein af skyldum veiðiprófsdómara er að taka þátt í samráðsfundum dómara og ber honum að fylgjast vel með breytingum á reglum og áherslum í veiðiprófum. Hlutleysi og óhlutdrægni dómara skal ætíð hafin yfir allan vafa.

I. Skyldur gagnvart prófhaldara og þátttakendum

Dómari er gestur prófhaldara og boði um að dæma veiðipróf fylgja skyldur gagnvart gestgjafa og þátttakendum. Ein þeirra er sú að svara boði um dómara störf eins fljótt og auðið er og svara greiðlega öllum beiðnum prófstjóra um upplýsingar.

Hafi dómari þegið boð um að dæma á veiðiprófi skal hann ekki afboða sig nema veigamiklar ástæður liggja að baki og skal hann þá tilkynna prófhaldara um forföll eins fljótt og auðið er.

Dómari skal gæta þess að mæta stundvíslega og vel fyrir kallaður til prófs. Þátttakendur sem ferðast oft langan veg, auk þess að greiða prófgjöld, eiga rétt á að dómari mæti úthvíldur til starfa.

II. Einbeiting og athygli

Dómara ber að halda fullri einbeitingu meðan hundar eru í prófi og fylgjast grannt með hundunum allan próftímann. Meðan hundar eru í prófi skulu dómara ekki eiga einkasamtöl sín í milli um annað en það sem beinlínis varðar hundana sem eru í prófi hverju sinni, né skal dómari eiga einkasamtal við þátttakanda.

Dómari þarf að koma sér þannig fyrir á prófsvæði að hann hafi fulla yfirsýn og geti fylgst vel með hundum í prófi.

Hópi (öðrum þátttakendum og áhorfendum) ber að stýra á ákveðinn en vingjarnlegan hátt. Aldrei má leika vafi á hver sé við stjórnvölinn.

Gæta þarf þess að hæfileg fjarlægð sé milli þeirra sem eru í prófi hverju sinni og annarra þátttakenda og/eða áhorfenda. Ennfremur ber að tryggja að áhorfendur trúfli ekki framgang prófs með nokkrum hætti.

Dómari á að hafa veiðiprófsreglur meðferðis eða prófhaldari að tryggja að hann hafi greiðan aðgang að þeim.

Allt sem maður gerir úti á mörkinni sem dómari verður í minnum haft – bæði gott og slæmt. Haltu þér útaf fyrir þig og misstu þig ekki í gagnvart neinum. Það er sjálfgefið að allir sem eru dæmdir skuli fá sömu meðhöndlun hvort sem þeir eru vinir þínir, kunningjar, forsvarsmenn í hundasamfélaginu eða byrjendur.

Þessi texti er beint úr norsku siðareglunum sem óskað var eftir að yrði notast við þýddum í beinni þýðingu. Af einhverjum ástæðum vantar þessa málsgrein og við viljum að sjálfsögðu fá þetta inn.

III. Virðing, hlutleysi og réttisýni

Dómari skal sýna trúðmennsku og koma fram af kurteisi og virðingu. Dómara er bannað að mismuna þátttakendum og skal hann gæta fullkomins hlutleysis í störfum sínum. Persónulegur áhugi hans á einu hundakyni umfram annað má aldrei endurspeglast í störfum hans. Að sama skapi má árangur hunds í fyrri prófum ekki hafa áhrif á dóma eða umsagnir, heldur skal eingöngu metin frammistaða hunds í því prófi sem verið er að dæma þann daginn.

Stundum fá menn á tilfinninguna að þekktir hundar séu vinsælli og komist áfram á nafninu einu. Það má ekki gerast. Maður verður að vera réttlátur varðandi sleppitíma. (þ.e. í prófum hunda úr tegundahópi 7)

Þegar við á (þ.e. í prófum hunda úr tegundahópi 7) skal dómari vera réttlátur þegar sleppitími er ákvarðaður.

Þetta er betur orðað svona, og er eins og norsku reglurnar. „Maður skal vera réttlátur varðandi sleppitíma“ snýr betur að tilgangi greinarinnar, þ.e. að hundum sé ekki mismunað varðandi sleppitíma. Hinn textinn „Þegar sleppitími er ákvarðaður“ hljómar eins og þegar dómari í upphafi prófs ákveður að það skulu vera 15 mínútna slepp.

Dómari skráir niður og tilgreinir það sem hann sér, forðast að túlka hegðun hunds eða réttlæta hana. Samræmi skal vera milli munnlegrar og skriflegrar umsagnar. Dómari er sanngjarn, sjálfum sér samkvæmur og lýsir af heiðarleika vinnu og framgöngu hunds sem hann dæmir. Dómari skal eftir fremsta megni leitast við að hafa umsögn sína uppbyggilega og þótt vinna hunds sé gagnrýnd má umsögn aldrei vera meiðandi eða niðrandi.

IV. Framkoma á prófsvæði

Dómari skal ekki gagnrýna störf annars dómara við þriðja aðila, heldur skal hann, ef hann sér ástæðu til, ræða við viðkomandi dómara undir fjögur augu, að prófi loknu.

Ef þátttakandi í veiðiprófi sýnir af sér ósæmilega hegðun eða vanvirðir dómara, starfsfólk prófs eða aðra þátttakendur, eru dómara, fulltrúar HRFÍ og prófstjórar hvattir til að skrá atvikið og, ef ástæða þykir til, að fylgja því eftir þannig að siðanefnd HRFÍ geti fjallað um málið og úrskurðað.

Sérstaklega á það við ef dómara koma við sögu.

Þetta vantar af einhverjum furðulegum orsökum og á auðvitað að vera inni .. eins og í norsku reglunum.

Ef dómaramenntaður félagsmaður HRFÍ vanvirðir annan dómara á prófsvæði, skal fulltrúi HRFÍ áminna viðkomandi um siðareglur veiðiprófsdómara og gefa dómara ráði skýrslu um atvikið.

V. Samfélagsmiðlar

Dómari má ekki greina frá skoðun sinni á samfélagsmiðlum á einstökum hundum og/eða þeim sem leiða hunda í prófi sem hann hefur dæmt, **eða öðrum prófum**. Hann skal heldur ekki greina opinberlega frá skoðun sinni á því hvort hann telji eitt hundakyn búa yfir betri eða meiri vinnueiginleikum en önnur hundakyn.

Á samfélagsmiðlum, sem og í allri orðræðu, skal veiðiprófsdómari HRFÍ ætíð gæta varfærni í orðavali og koma fram af virðingu og kureisi.

Er ekki rétt að dómari sleppi því að tjá skoðun sína á hundum og leiðendum á samfélagsmiðlum þótt hann hafi ekki dæmt þá. Þeir leiðendur gætu jafnvel verið væntanlegir í próf hjá dómaranum, kannski nýtt fólk með unghunda, og þá er rétt að vera ekki búinn að lýsa skoðun sinni á þeim.